



Minnisblað

Dagsetning: 13. maí 2020

Höfundur: Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir

Viðtakandi: Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra

Málsnúmer/skjalalykill: 2001208/6.1.1

Efni: Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi opnun sundlauga 18. maí 2020

Sóttvarnalæknir leggur til að sundlaugar á Íslandi verði opnaðar 18. maí nk. með eftirfarandi takmörkunum:

- Sund- og baðstöðum verði heimilt að hafa opið með fjöldatakmörkunum þar sem leyfilegur hámarksfjöldi gesta fari aldrei yfir helming hámarksfjölda skv. starfsleyfi. Sé hámarksfjöldi ekki skráður í starfsleyfi skal miða gestafjölda við helming þess fjölda sem fataskiptarými gerir ráð fyrir.
- Börn fædd árið 2015 og síðar teljast ekki með gestafjölda.
- Tveggja metra nálægðartakmörk gilda ekki á sundlaugarsvæðum en taka skal tillit til þeirra eins og kostur er hvað varðar viðkvæma hópa.
- Taka skal tillit til leiðbeininga fyrir sund- og baðstaði og baðstaði í náttúrunni vegna COVID-19 sem gefnar voru út 13. maí 2020.

Með kveðju,

Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir